# Sýning Margrétar Elíasdóttur



## Myndlist

Valtýr Pétursson

Það var ekki uppörvandi að ganga á milli galleríanna hér í borg á sunnudaginn var. Sama sagan alls staðar — fámennið slíkt, að ótrúlegt var á þeim tíma, er fólk yfirleitt sækir sýningar, síðdegis á sunnudögum, og þar að auki höfðu flestar sýningarnar verið opnaðar daginn áður. Manni hlýtur að detta í hug að hér sé að skapast sama ástand og stundum gerist á fiskimörkuðum erlendis, að framboðið sé of mikið og eftirspurnin minnki í samræmi við það. Það er líka orðið þannig hér um slóðir, að sýningar eru í öðru hverju húsi, og tala listamanna í þessu dvergþjóðfélagi skiptir hundruðum. Það er eins og einn kunningi minn sagði við mig nýlega: Það eru allir farnir að halda, að þeir geti málað og kallað sig listamenn.

Sannleikurinn er sá, að aldrei hefur meira af nýliðum verið á ferð í myndlist, og auðvitað eru ekki allir meistarar, en tíðarandinn gerir lítil skil milli þroskaðs fólks og nýliða, og fjölmiðlar eru afleitir með að ýta undir skrum og auglýsingafár í sambanndi við listir. Ég tala nú ekki um, ef unglingar, sem dvalið hafa erlendis eiga í hlut. Þessi atriði, sem ég hér hef nefnt virðast sem sé á góðri leið með að eyðileggja sýningarstarfsemina, sem var svo lífleg hér í borg fyrir aðeins nokkrum mánuðum. Meira að segja voru Kjarvalsstaðir allt að því tómir eftir hádegið á sunnudaginn var — sjálfur Kjarval var einmana á veggjum.

Að Kjarvalsstöðum er nú sýning á verkum Margrétar Elíasdóttur, en hún hefur áður sýnt hér í borg, lágmyndir í leir og keramík. Nú hefur hún söðlað um, ef svo má að orði kveða, og sýnir aðallega málverk, og eru verkin 56 talsins. Þarna á þessari sýningu kennir margra grasa, og Margrét þreifar fyrir sér í ýmsar áttir. Það er áberandi, hve hún kemur víða við, og ég fæ ekki annað séð en að hún standi á nokkrum krossgötum og hafi ekki gert sér fyllilega ljóst, hvaða stefnu á að taka. Margrét hefur lagt gjörva hönd á margt og er síður en svo byrjandi í fræðunum, enda hefur hún dvalið langdvölum erlendis og ferðast víða við nám og kennslu. Hún er nú búsett í höfuðborg Svía og er því aðeins í heimsókn hér heima eins og stendur.

Það er annars ekki mikið að segja af þessari sýningu. Það er líflegt á veggjum Vestursalarins, en ég verð að játa það, að mér tókst ekki sem bezt að komast í náin tengsl við það, sem til sýnis er. Hvað þetta snertir, varð ég fyrir vonbrigðum eftir að hafa lesið upplýsingar á öftustu síðu sýningarskrár Margrétar, en svona eru nú einu sinni hlutirnir — eitt gleður augað, annað ekki og ekkert við því að gera. Engu að síður var ég langt frá því að vera dús við að sjá fullan sal af myndverkum og engan skoðanda. Betur hefði mátt taka á móti þessari listakonu, sem búsett er í fjarlægu landi.

# Myndir án orða


Í Menningarstofnun Bandaríkjanna við Neshaga hefur staðið að undanförnu sýning á ljósmyndum eftir ungan ljósmyndara, Loft Atla Eiríksson, en hann hlaut Fullbright-styrkinn fyrir listamenn 1986, og mun það hafa verið í fyrsta sinn, sem þessum styrk var úthlutað hér á landi. Loftur Atli hefur að unanförnu dvalið við nám í listgrein sinni við hið þekkta Pratt Institute í New York, og nú sýnir hann sem sagt árangurinn.

Það eru um þrír tugir mynda á þessari sýningu, sem ljósmyndarinn hefur valið heitið Myndir án orða, og kennir þar sannarlega margra grasa. Þarna er á ferð myndgerð, sem er byggð upp á listrænum metnaði, og ungur, framsækinn listamaður á þarna í hlut, en hann hefur stundað ljósmyndun í nokkur ár, bæði sem blaðaljósmyndari og áhugamaður, og haldið sýningar á verkum sínum, svo að hann er ekki byrjandi í faginu. Því verður ekki neitað, að hann er auðsjáanlega leitandi fyrir sér vítt og breitt, og segja mætti mér, að þessi ungi ljósmyndari ætti eftir að mótast mjög á komandi árum. Loftur Atli leggur mikið upp úr myndbyggingu sinni, og það eru listrænu tökin sem eiga hug hans allan. Hugmyndafræðin að baki flestra þessara verka eru að nokkru skyld því, sem verið hefur á ferð í myndlist hjá okkur á seinni árum, og er skemmtilegt að sjá, hvernig unnt er að nota ljósmyndatæknina til að koma slíkum viðhorfum til skila.



Nokkuð langt er um liðið síðan farið var að leggja listrænt mat á ljósmyndun hér á landi, en í þeim efnum mun vera viss vakning um veröld víða. Ég held, að við þurfum ekki að hafa neinar sérstakar áhyggjur um þróunina hérlendis í þeim efnum og vil minna á þann mikla fjölda ljósmyndasýninga, sem verið hefur hér í borg á undanförnum árum. Það verður skemmtilegt að sjá hvert framhaldið verður hjá Lofti Atla. Eitt er víst, hæfileikar eru þarna fyrir hendi.

# Litir og fletir



FÍM-salurinn við Garðastræti hefur verið lítt notaður að undanförnu, enda hásumar og aðsókn að sýningum oft betri en á þeim tíma. Nú er þar hafin starfsemi á ný og fyrst hefur riðið á vaðið ung myndlistarkona, sem er að hefja sína frumraun í sýningarhaldi. Það er Birna Kristjánsdóttir sem komið hefur verkum sínum fyrir í FÍM-salnum.

Birna hefur dvalið í Kaliforníu undanfarin ár og stundað þar listgrein sína, sem er blönduð tækni í tekstíl — fullunnin hafa þessi verk svo sterkan svip málverksins, að ég leyfi mér að kalla þau myndverk í þessum línum. Þetta er sérlega vel heppnuð sýning, aðeins 12 verk, og nær hvert og eitt þeirra að njóta sín ágætlega. En það er ekki aðeins þetta, sem er Birnu til sóma, heldur er myndbygging afar einföld og traust og hvergi kastað til höndum. Mjög örugg litsjón einkennir þessi verk, og er öllu stillt í þvílíkar skorður að manni dettur ekki í hug að verkið getið verið öðruvísi. Það er sannarlega góðs viti þegar slíkt verður á vegi manns, og er sjaldséð fyrirbæri. Þessi sýning Birnu er að vísu nokkuð þung í litnum yfirleitt, en það ætti að geta gtekið stakkaskiptum á komandi tíma, því að hér er nýliði á ferð í listinni, sem auðvitað á eftir að þróast og öðlast þá reynslu, sem hverjum listamanni er nauðsynleg.

Myndverk Birnu eru byggð á flatarfræðilegum hugmyndum, og því náskyld því sem margir stunduðu hér á árum áður og sumir enn. Það voru myndræn gildi sem í hávegum voru höfð og eru þau og uppistaðan í þessum nýju verkum Birnu Kristjánsdóttur. Það er því ekki að furða að sumum hlýni um hjartarætur við að sjá þennan þátt myndlistar á tuttugustu öld koma fram í dagsljósið að nýju og það á þann hátt, sem hann birtist í verkum Birnu. Þetta er óvenju sterk og heilleg sýning hjá nýliða og lofar feikna góðu. En það er nú einu sinni svo að um framhald er bezt að spá sem minnstu en ef heldur sem horfir, er enginn vafi á að árangur verður eftir því.

# Myndefni morgundagsins

## Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

**Jóhann árelíuz: SÖNGLEIKUR FYRIR FISKA. Uppsetning og útlit: Hallgrímur Tryggvason. Fiskar: Albin Venables. Útgefandi: Já, Reykjavík 1987.**

Jóhann árelíuz hefur áður sent frá sér blátt áfram (1983), en nú birtist á ljóðasviðinu Söngleikur fyrir fiska. Jóhann er Akureyringur, en hefur lengi verið búsettur í Svíþjóð.

Það er rómantískur tónn í ljóðum Jóhanns árelíuzar, en slíkt er fremur sjaldgæft hjá nýrri skáldakynslóð. Þó ekki alveg óþekkt. Söngleikur fyrir fiska ber líka vitni kaldhæðni sem ekki er óalgeng hjá rómantískum skáldum. Í heild sinni er bókin dæmi um æskilega þróun í ljóðagerð, markvissari vinnubrögð, ljóð sem vilja tjá mannlega reynslu með eftirminnilegum hætti. En ekki sakaði að skáldið gerði til sín strangari kröfur.

„Mig knýr þörf og þrá“ yrkir Jóhann árelíuz í ljóðaflokki sem hann nefnir samhljóm tíðarandans. Þar er á tveimur stöðum talað um „blóð mitt brjálað og heitt“. Í fimmta kafla syngur eitthvað í sálu skáldsins og því er líkt við „hvítt einmana spangól/ af svartri bæjarhellunni“, en er „bón mín til sólarinnar“. Sú bón hljóðar svo: „ég bið um sumar án skilmála/ og með kvöldinu bláan skugga/ handa myndefnum morgundagsins/ og horfi veginn fram“.

Þessi ljóðaflokkur er bjartsýnn og þótt hann sé kannski ekki frumlegur er hann ágætlega ortur.

# Heimsmyndin 1987

## Erlendar bækur

Siglaugur Brynleifsson

**State of the World 1987. A Worldwatch Institute Report on Progress Towards a Sustainable Society. Lester R. Brown, Edward C. Wolf, Linda Starke etc. W.W. Norton & Company - New York - London 1987.**

Þetta er fjórða árbók „Worldwatch Institute“ um árangur þeirrar viðleitni að skapa mannheimi umhverfi sem telja mætti til frambúðar að minnsta kosti í orði. Höfundarnir benda á þau atriði sem brenna hvað heitast á mannheimum og hvað er helst til ráða í baráttunni við yfirvofandi hættur.

Í árbók 1987 er fjallað um útþenslu stórborga, fólksfjölgunina, kjarnorkunotkun, rafvæðingu þriðja heimsins, landbúnaðarframleiðslu, skuldir vanþróaðra og þróaðra þjóða og mengunina.

Mengun loftsins er að breyta loftslaginu víða um heim. Það var 1985 að breskur rannsóknarhópur taldi sig merkja breytingar á ósónlaginu yfir Suðurskautinu.

Fljótlega bárust fréttir af frekari götum á þessum hlífiskildi jarðarinnar, ósónlaginu. Þynnra ósónlag myndi auka húðkrabba, hamla vissum jarðargróða og breyta veðurfari. 1986 töldu veðurfræðingar sig hafa fundið ástæður til að staðfesta þá spá, að hitastig færi hækkandi í heiminum.

Veðurfræðingar East-Anglia-háskólans töldu að undanfarin 134 ár hefðu árin 1980, 1981 og 1983 verið þau heitustu og að fimm af níu heitustu árum þessa 134 ára tímabils hefðu verið eftir 1978. Skömmu síðar tilkynntu bandarískir jarðfræðingar um hækkað hitastig á jarðvegi undir túndrunni í Norður-Alaska.

Jarðarbúar teljast vera 5 miljarðar. Árið 1900 voru íbúar jarðarinnar um 1,6 milljarður, 1950 voru þeir 2,5 milljarðar og 1986 um 5 milljarðar.

Á fyrri öldum fjölgaði fólki lítið, sé litið á lengri tímaskeið. Þegar nær dregur okkar tímum jókst framleiðslan og heilbrigðisástand skánaði mjög, fólkinu fjölgaði og framleiðslan jókst jafnframt. Í þróuðum ríkjum nútímans dregur úr fæðingum, svo að fólksfjölgunin verður undir hættumörkum, þ.e. offjölgun. Offjölgun á sér nú stað, einkum í þeim ríkjum sem síst skyldi, þar sem framleiðslan nægir ekki til að fæða stöðugt vaxandi fjölda, því er gengið á náttúrugæði, skógar eru eyddir og ofbeit á sér stað, svo að uppblástur og jarðvegseyðing eykst hröðum skrefum. Oft er miðað við 3% árlega fólksfjölgun. Í þessum ríkjum versnar ástandið ár frá ári.

Þetta ástand veldur uppflosnun bændanna, þeir flytja í stórborgirnar og fylla hinn stöðugt vaxandi grúa atvinnuleysingja. Þetta veldur stöðugri spennu, óeirðum og upplausn og oft valdatöku hersins, í viðkomandi ríki, eða hugmyndafræðinga ásamt her. Þetta leiðir oftast til gerræðistjórnarfars.

Lester R. Brown og Jodi Jacobson skrifa um margföldun íbúafjölda stórborga í framtíðinni. Þróunin bendir öll í stóraukna fjölgun borga og íbúafjölda þeirra. 1950 bjuggu 600 milljónir í borgum, 1986 var sú tala 2 milljarðar og ef svo heldur áfram mun meira en helmingur íbúa jarðarinnar búa í borgum strax eftir næstu aldamót. Ástandið í borgunum er mjög mismunandi, fer eftir framleiðslugetu og skipulagi borganna.

Þótt útlitið sé svart hefur Kínverjum og Indverjum tekist að hefta fólksfjölgunina og jafnframt auka framleiðsluna, ástandið virðist verst í Afríku og Suður-Ameríku.

Christopher Flavin skrifar um rafvæðingu Þriðja heimsins.

Rafvæðingin var lausnarorðið í mörgum löndum hér á árunum. Rafvæðingin átti að flýta fyrir mótun nútímalegra lífshátta og stuðla að stórauknum framförum á flestum sviðum. Iðjuverum var komið upp, með misjöfnum árangri, oft fylgdi þeim hrikaleg umhverfisröskun og byggðaröskun og síðast en ekki síst hrikaleg skuldasöfnun, sem fjölmargar vanþróaðar þjóðir sjá ekki fram úr. Höfundur greinarinnar ályktar að dreifing raforku um byggðirnar sé þýðingarmeiri og ábatasamari en stóriðjuhugmyndir.

Sami höfundur skrifar um endurskoðun kjarnorkunotkunar. Chernobyl-slysið sýndi heimsbyggðinni hvað myndi gerast ef slíkt endurtæki sig í stærri stíl. Það sem verra er, er að öll líkindi benda til þess að slík slys muni verða, enginn veit hve mörg, en þrjú slík eða meiri slys fram að aldamótum eru ekki ólíkleg. Margar iðnaðarþjóðir eru nú háðar kjarnorku sem orkugjafa, en þótt deilur um nothæfni kjarnorku sem undirstöðuorku séu harðnandi og andstaða magnist, þá er ólíklegt að kjarnorka verði aflögð sem orkugjafi í náinni framtíð. Höfundurinn telur að fyrr en síðar muni þó koma að því að þessi orkugjafi verði talinn of varasamur til þess að óhætt sé að nýta hann og að horfið verði frá notkun „kjarnorku í friðsamlegum tilgangi“. Það þarf ekki mikið ímyndunarafl til að sjá hvað gerðist ef Chernobyl-slys yrði í þéttbýlinu í Frakklandi eða þýska sambandslýðveldinu. Og slys af stærri gráðu gæti gert Evrópu óbyggilega á einni nóttu um aldir.

Allar þessar greinar sem birtast í þessu ársriti eru hugvekjur, vel unnar og vandaðar. Það hefur aðeins verið drepið á þær greinar sem tímabærastar eru, en þær eru það allar meira og minna.